

## 47. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 15. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 48. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Djúpavogskauptún nr. 90 26. mars 1947 með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 24. október 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

24. október 1974.

Nr. 326.

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Sauðárkróks.

#### I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### 1. Lýsing.

- |  |     |                               |
|--|-----|-------------------------------|
| 1.1. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:<br>Mælisleiga samkvæmt kafla II.                          |     |                               |
| Orkugjald .....  | kr. | 30.00 á kWst.                 |
| 1.2. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:<br>Mælisleiga samkvæmt kafla II.                          |     |                               |
| Orkugjald .....  | —   | 10.70 á kWst.                 |
| Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:<br>Verlanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. .... | —   | 158.00 á m <sup>2</sup> á ári |
| Geymslur og gangar þeim tilheyrandi .....  | —   | 52.00 á m <sup>2</sup> á ári  |
| 1.3. Til hafnarlýsingar um kWst.-mæli:<br>Mælisleiga samkvæmt kafla II.                              |     |                               |
| Orkugjald .....  | —   | 8.60 á kWst.                  |
| 1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis ..  | —   | 22 150.00 árskW,              |
| enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.                                 |     |                               |

#### 2. Almenn heimilisnotkun.

- |  |     |              |
|--|-----|--------------|
| 2.1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:     |     |              |
| a. Grunngjald .....                    | kr. | 52.00 á mán. |
| b. Orkugjald af allri notkun .....     | —   | 6.80 á kWst. |
| c. Fastagjald af hverju herbergi ..... | —   | 52.00 á mán. |

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m<sup>2</sup> eða minna, reiknast hálf, en 25 m<sup>2</sup> eða stærra, tvö.

### 3. Vélanotkun.

#### 3.1. Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald ..... kr. 17.00 á kWst.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólfleti eftir sömu reglum og gilda um líð 1.2., en er þriðjungur lægra.

Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst.-mæli eftir þessum gjaldskrárlíð. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.

#### 3.2. Um afl- og orkumæla:

Fast gjald ..... kr. 7 719.00 á ári

Orkugjald ..... — 2.60 á kWst.

Aflgjald af notuðu afli, lágmark 2 kW ..... — 7 719.00 á ári á kW

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kW.

#### 3.3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:

Fast gjald ..... kr. 7 719.00 á ári

Orkugjald ..... — 2.60 á kWst.

Fastagjald, miðað við málraun véla, lágmark 2 kW .. — 6 396.00 á ári á kW

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

### 4. Hitun.

#### 4.1. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald án söluskatts ..... kr. 1.93 á kWst.

#### 4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald ..... kr. 2.44 á kWst.

#### 4.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald ..... kr. 1.98 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði:

Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er **gilda um mæla**.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu, sem hér segir:

- |  |                  |
|--|------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minna ..... | kr. 45.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minna ..... | — 75.00 — —      |
| 3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ....       | — 105.00 — —     |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m. skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
63 A 1-fasa .....	31 800.00	1 040.00
63 A 3-fasa .....	41 160.00	1 200.00
100 A 3-fasa .....	48 960.00	1 400.00
125 A 3-fasa .....	59 600.00	1 700.00
200 A 3-fasa .....	78 900.00	1 880.00
300 A 3-fasa .....	164 500.00	2 640.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifi-stöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildi í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum viðvart um það fyrir fram.

## IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 600.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 600.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur og önnur gjöld skyld að lögum, eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I og II kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 169 27. maí 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. október 1974.*

**F. h. r.**

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur, Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandarhrepps.

### I. RAFORKA

Rafveitur Njarðvíkur, Voga og Vatnsleysustrandarhrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 30.30 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 11.90 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 151.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 45.00 af fermetra á ári.

#### 2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 7.20 hver kWst., auk þess skal greiða fastagjald kr. 3.10 á mánuði af gólfflatarfermetra íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

#### 3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 16.80 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 607.00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 15.60 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
  - a) Um kWst.-mæli á kr. 5.30 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á mesta álagstíma rafveitunnar um hádegisd og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
  - b) Um tvígjaldsmæli kr. 33.50 hver kWst., í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 5.30 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 8 408.00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 3.10 á notaða kwst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 88.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 38.00 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 70.00 annars staðar.